

Nr. 084 / 09 Búi GK 266**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6999
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast
Stærð: 5,9 brl. 5 bt.
Mesta lengd: 8,29 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Volvo Penta 147 kW 1990
Fjöldi skipverja: 1



Búi ©Emil Páll Jónsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2009 var Búi GK 266 á handfæraveiðum (strandveiðum) um 7 sml. suður af Hópsnesvita. Veður: Hægviðri.

Bátsverjinn varð var við að vélin pústaði út í vélarrúmið og stöðvaði hana. Hann sá að sprunga hafði komið í hulsuna frá forþjöppu niður í púströrið og þar sem hann hafði ekkert til viðgerða óskaði hann eftir aðstoð björgunarskips. Björgunarbáturinn Árni í Tungu kom og tók Búa GK í tog áleiðis til Grindavíkur en síðar tók björgunarskipið Oddur V. Gíslason við drættinum til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að hulsan var sjókæld og gaf hún sig vegna tæringar. Bátsverjinn taldi það hafa gerst vegna aldurs hennar og hitabreytinga. Eigandinn hafði átt bátinn í um tvö ár.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök vélabilunarinnar vera slakt viðhald.